

Tílefni fundar		Síða	
FUNDARGERÐ		Stjórnarfundur FS	
Dags. Fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
10.10.2023	15:00 – 17:00	Borgartún 6	4
Fundarboðandi	Fundarritari		
Gunnlaugur Briem	Þóra Björg Sigurþórsdóttir		
Fundarmenn: Guðný Björg Björnsdóttir, Gunnlaugur Már Briem, Fríða Brá Pálsdóttir, Þóra Björg Sigurþórsdóttir, Kári Árnason og Steinunn S. Ólafardóttir			
Afrit			
Varamenn stjórnar – Kristín Rós Óladóttir, Hjörtur Ragnarsson			

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð	Dags.
	Dagskrá - Fundargerð fyrri fundar - Húsnæðismál FS / BHM - Fundur með námsbraut - Úrvinnslufundur kjaraviðræðna 10.10.2023 - Kjaramál staða reglugerðar - Skýrsla v. Örorku - PR – Örorka - Samráðsgátt stjórnvalda : - Verkefni skrifstofu – til upplýsinga - Fundur með þjóðskjalasafni - Málþing um heilbrigðisþjónustu – Landspítali - Dagur sjúkraþjálfunar - Sjúkraþjálfarinn - Golfmót sjúkraþjálfara - Kvennaverkfall 24.okt - Fræðslunefnd - uppfærðar verklagsreglur		
1.	Fundargerð fyrri fundar Samþykkt		
2.	Húsnæðismál FS/BHM - Til skoðunar er flutningar skrifstofu FS og SIGL á 3. hæð í Borgartúni 27. Skrifstofa BHM hyggst flytja í það húsnæði á 1.hæð í lok árs og er nú þegar komið í	GMB	

	bráðabirgðarhúsnæði í Borgartúni 31. Helstu ástæður þessara flutninga eru viðgerðir sem ráðast þarf í á húsinu í Borgartúni 6 vegna rakaskemmda. En einnig hefur verið til nokkurs tíma leit að nýju framtíðar húsnæði fyrir bæði bandalagið og aðildarfélögin, þar sem hægt væri að mæta með betri hætti pláss þörf einstakra félaga á sama tíma og fleiri félögum gæfist tækifæri til að starfa undir sama þaki og bandalagið og bróðurpartur aðildarfélaga. Stjórn er samþykk því að skoða þennan möguleika og útfærslu á þessu.		
3.	Fundur með námsbraut Árlegur fundur Félags sjúkraþjálfara með fulltrúum námsbrautar fór fram 26.september. Áhersla fundarins vara að fara yfir ýmis mál er snúa að hagsmunum sjúkraþjálfara og námsbrautarinnar. Fundinn sátu fyrir hönd FS, Gunnlaugur formaður, Kári Árnason gjaldkeri og Fríða Brá Pálsdóttir varaformaður.	GMB	
4.	Úrvinnslufundur kjaraviðræðna 10.10.2023 Formaður ásamt Halldóru Eyjólfsdóttur, formanns samninganefndar launþega FS, sátu úrvinnslufund kjaraviðræðna BHM þar sem farið var yfir og unnið úr síðustu kjarasamningslotu, og könnunum á reynslu af því ferli. Var þetta mikilvægur þáttur í mótun á áherslum og vinnulagi fyrir komandi viðræður, en núverandi samningar renna úr 31.mars 2024.	GMB	
5.	Kjaramál - Launþegar: Samninganefnd Félags sjúkraþjálfara er að undirbúa komandi kjaraviðræður og vinnu tengda stofnanasamningum. - Sjálfstætt starfandi: Samninganefndir Félags sjúkraþjálfara og Sjúkratrygginga funda reglulega og eru virkar samningaviðræður í gangi. - Reglugerð um niðurgreiðslu SÍ framlengd til 15. janúar 2024.	GMB	
6.	Skýrsla vegna örorku Skýrsla vegna örorku sem unnin var af formanni ásamt Haraldi Sæmundssyni var gefin út 20.09.23.	GMB	
7.	PR Umræða vegna skýrslu um örorku hefur verið á jákvæðum nótum. Fréttir hafa bæði birst á mbl.is sem og á vef ruv.is og í útvarpsfréttum rásar 1 og 2. FS studdi við dreifingu á fréttaflytningi um skýrsluna. Formaður skrifar skoðanagrein sem mun birtast á visir.is á næstunni til að fylgja eftir efni skýrslunnar.	GMB/SS Ó	
8.	Samráðsgátt stjórnvalda: Formaður upplýsir um mál sem eru til umsagnar og að sé til stöðugar skoðunar með hvaða hætti FS og í einhverjum tilvikum í samstarfi við BHM við munum skila inn umsögnum um hagsmunamál sé þess þörf. Bent er á að allir geti skráð sig í áskrift á samráðsgátt stjórnvalda og fengið þá áminningar ef tengd mál koma inn í gáttina.	GMB	
9.	Verkefni skrifstofu – til upplýsinga Verkefnastjóri er með 4 stór verkefni í gangi samhliða daglegum störfum, stjórn var	SSÓ	

	upplýst um stöðu þeirra. Í þeim felst að: - Safna efni fyrir tímaritið Sjúkraþjálfarann - Dagur sjúkraþjálfunar þann 3. maí 2024 - Mælitækjabankinn. Verið að taka spurningalista til að setja á rafrænt form. - Fræðslunefnd, áhersla á að virkja faghópa.		
10.	Fundur með Þjóðskjalasafni Verkefni í vinnslu við að útbúa leiðbeiningar á verklagi í tengslum við skjalavörslu heilbrigðisupplýsinga sjúkraþjálfara. Áætlað að birta á heimasíðu og í tölublaði Sjúkraþjálfarans þegar vinna verði lokið.	GMB	
11.	Málþing um heilbrigðisþjónustu – Landspítali Ánægjulegt málþing sem formaður sótti. Stjórn upplýst um umræðuefni.	GMB	
12.	Dagur sjúkraþjálfunar Vinna hafin og undirbúningnefnd farin að funda. Dagsetning verður 3. maí.		
13.	Sjúkraþjálfarinn Vinna við efnissöfnun og uppsetningu næsta tölublaðs í fullum gangi. Verkefnið á höndum ritnefndar og verkefnastjóra fagmála.	SSÓ	
14.	Golfmót sjúkraþjálfara Golfmót Félags sjúkraþjálfara fór fram nú í haust. Golfmótið tókst vel til og styrkti Félag sjúkraþjálfara daginn um 130.000 kr, líkt og hefð er fyrir. Kæra þakkir til skipuleggjanda.		
15.	Kvennaverkfall 24.okt Kvennverkfallsdagurinn verður 24. okt og hefur póstur verið sendur út til félagsfólks. Frekari athygli vakin þegar nær dregur deginum.		
16.	Fræðslunefnd - uppfærðar verklagsreglur Ákvörðun liggur fyrir um að félagsfólk hafi forgang á námskeið haldin af fræðslunefnd Félags sjúkraþjálfara. Lagt er til að félagsfólk á biðlista hafi forgang fram yfir aðra. SSÓ hefur unnið að þessum breytingum og verður útfærsla lögð fyrir stjórn til samþykktar.	SSÓ	